# ORÐALEIKUR

**Markmið**: Leikurinn, tungumála borðspil á dönsku, norsku og sænsku, er búinn til af sænskum nemendum og markmið þess er að kynna margbreytileika skandenavísku tungumálanna. Hægt er að spila spilið sem minnisleik.

**Námsstig**: Yngsta stig (6-9 ára)

**Lengd**: Ein kennslustund (ein kennslustund er 45 mín.)

**Heimild**: http://carap.ecml.at/tabid/2700/PublicationID/11/Default.aspx Höfundur: Bog & Sprog. Námsefnið hefur verið lagað að norrænum / baltneskum aðstæðum með góðfúslegu leyfi Evrópsku tungumálamiðstöðvarinnar (ECML).

**Tenging við aðrar greinar**: Eftir framkvæmd er hægt að tengja spilið við ýmis fög með því að leggja áherslu á orðaforða þess fags.

**Námsmarkmið**: Að þróa skilning þessara þriggja skandenavísku tungumála, hvað sé þeim líkt og ólíkt, sem og löndin sem þau tilheyra. Að skapa jákvætt viðhorf gagnvart tungumálunum og að hvetja nemendum til að sýna öðrum tungumálum áhuga í gegn um kynningu nýrra orða. Ennfremur hafa nemendur möguleika á því að samþætta tungumál að eigin vali í verkefnið.

**Aðferð:** Hægt er að útfæra þetta verkefni með því að nota:

- Skandenavíska veforðabók ("Skandinavisk onlineleksikon"). http://www.tradusa.se/lexicon/capere.jsp
- Landalista (á dönsku, norsku, sænsku og ensku) http://www.at-rejse-er-at-leve.dk/navne/landenavne_dk_a.htm
- Listi „falsaðra vina" (á dönsku, norsku, sænsku og ensku) http://www.langsites.com/FalseEDNS.htm
- Önnur tilbúin spjöld á sömu vefsíðu, lögð er áhersla á sænsku og dönsku (frá Højby Skole, November/ December 2008): http://bogsprog.emu.dk/yngste_trin_7_10_aar/biografmysteriet/index.html

**Auka verkefni:** Mælt er með að samþætta önnur tungumál í þetta verkefni, tungumál sem eiga við í þínu tilfelli, þar á meðal munnihluta og svæðisbundin tungumál, t.d. tungumál sem eiga sér fulltrúa í kennslustofunni. Kennarar geta fundið og spilað aðrar útgáfur lagsins í hvaða tungumáli sem er.

| Dansk: | Norsk: | Svenska: | Þitt val: |
|---|---|---|---|
| by | by | stad | |
| dreng | gutt | pojke | |
| grim | stygg | ful | |
| hurtig | rask | snabb | |
| is | is | glass | |
| lide | like | tycka om | |
| pige | jente | flicka | |
| rolig | rolig | lugn | |
| tak | takk | tack | |
| ven | venn | vän | |
| morsom | morsom | rolig | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Í tómu reitina mátt þú bæta við orð að eigin vali.